

Stækkun á þorskeldi Álfsfells í Skutulsfirði háð umhverfismati – Frétt Bæjarins besta, 28. desember 2009

Skipulagsstofnun hefur ákveðið að fyrirhugað þorskeldi Álfsfells ehf., í allt að 900 tonn á ári í Skutulsfirði, skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að fyrirhugað eldi kunní að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Niðurstaða Skipulagsstofnunar byggir á vísbendingum um að núverandi eldisstarfsemi í Skutulsfirði hafi nú þegar haft neikvæð áhrif á botndýralíf og líkur á að aukning á þorskeldi úr 200 tonnum í allt að 900 tonna ársframleiðslu muni auka umtalsvert álag á botndýralíf svæðisins frá því sem nú er. Þá liggja takmarkaðar upplýsingar fyrir um styrk hafstrauma á eldissvæðinu og í nágrenni þess og mögulega þynningu úrgangs frá fyrirhugaðri starfsemi. Einnig liggur ekki fyrir mat á burðargetu svæðisins.

Álfsfell ehf. hefur verið með þorskeldi í sjókvíum í Skutulsfirði frá árinu 2002 og starfsleyfi fyrir allt að 200 tonna ársframleiðslu. Fyrirhugað er að stækka eldið í allt að 900 tonna ársframleiðslu. Markmið framkvæmdarinnar sé að gera áframeldi á þorski að arðbæru aleldi í framtíðinni og í sátt við umhverfið. Fyrirhugað er að kvíar fyrir eldisfisk verði átta talsins, staðsettar að vestanverðu í firðinum um 800 metra frá landi.

Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar kom fram að frá því að áframeldi Álfsfells hófst árið 2002 hafa svæði undir kvíum ekki verið hvíld. „Ekki hefur verið gerð áætlun um að hvíla sjávarbotn undir kvíum reglubundið, né hve lengi í senn, svo draga megi úr neikvæðum áhrifum eldisins á botndýralíf,“ segir í niðurstöðu stofnunarinnar.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur er til 30. janúar 2010. Úrskurð Skipulagsstofnunar má lesa í heild á vef hennar.